

**Sþ. 300. Frumvarp til fjáráukalaga**

fyrir árið 1935.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1935, eru veittar samkv. 2.—5. gr. hér á eftir kr. 53845.95.

2. gr.

Til viðb. við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:

Aðgerð á lögreglustöðinni, Pósthússtræti 3 ..... kr. 38500.00

3. gr.

Til viðb. við gjöldin í 14. gr. B er veitt:

Áhöld vegna rannsóknarstofu háskólans ..... -- 3934.75

4. gr.

Til viðb. við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Eftirstöðvar af kjötverðlagsuppbót ..... -- 2408.00

5. gr.

Til viðb. við gjöldin í 19. grein er veitt:

Til tryggingamálanefndar ..... -- 9003.20

Samtals kr. 53845.95

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

#### Um 2. gr.

Húsnæði lögreglunnar í Arnarhváli var orðið algerlega ófullnægjandi, þrengslin voru svo mikil fyrir það lögreglulið, sem nú er, að yfirlögregluþjónn, lögreglufulltrúi o. fl. urðu að vinna utan lögreglustöðvarinnar, og ef lögregluþjónum yrði fjölgað, hlutu þrengslin að verða enn tilfinnanlegri.

Það þótti því hagkvæmt og sjálfsagt að gera sínstöðina gömlu, sem var eign rikissjóðs og lá undir skemmdum, að lögreglustöð og framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á henni.

#### Um 3. gr.

Áhöld þessi vinna blóðvatn til lækningar mænuóttar. Þau voru keypt eftir tillögum landlæknis og með samþykki heilbrigðisráðherra, þar eð erlent blóðvatn var svo dýrt, að talið var ógerlegt að kaupa það.

#### Um 4. gr.

Kjötverðlagsuppbót sú, sem hér um ræðir, átti að greiðast 1934, vegna útflutnings 1933, varð eigi greidd fyrr sökum vantandi skýrslna.

#### Um 5. gr.

Tryggingarmálanefnd var skipuð til þess að undirbúa alþýðutryggingarlöggjafirnar, og var þessu fé varið til greiðslu á nefndarkostnaðinum.